

um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Flm.: Ingólfur Flygenring, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum utan Reykjavíkur er heimilt að semja við eitt váttryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru samkv. 2. gr.

Tekjur váttryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjar- eða sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Skylt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv. 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, þar með talin hús í smíðum, nema gripa-hús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

3. gr.

Váttryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjar- eða sveitarstjórn hver skal hafa eftirlit með virðingargerðum húsa í umdæmi sínu. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

Breyta skal árlega váttryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi.

4. gr.

Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan 6 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. október 1955, og eru jafnframt úr gildi numin öll ákvæði eldri laga, sem brjóta í bága við þau.

Greinargerð.

Í neðri deild Alþingis hafa þingmenn Reykjavíkurbæjar borið fram frv. til laga um brunatryggingar í Reykjavík, sem kunnugt er.

Reykjavík hefur, eins og vitað er, þá sérstöðu í brunatryggingamálum, að henni er eigi skylt að brunatryggja hjá Brunabótafélagi Íslands. Eru því brunatryggingamál hennar Brunabótafélaginu óviðkomandi.

Í neðri deild var samþykkt breytingartillaga við þetta frv. um það, að öll bæjar- og sveitarfélög, sem nú er skylt að brunatryggja húseignir sínar hjá Brunabótafélagi Íslands, skuli undanþegin þeirri skyldu framvegis og að um þau skuli gilda sömu ákvæði og með frv. eru fyrirhuguð Reykjavík.

Við, sem stöndum að flutningi þessa frv., er hér liggur fyrir, teljum miður þinglegt að samþykkja þá breytingu gagnvart Brunabótafélagi Íslands, sem felst í umræddri breytingartillögu, þann veg, sem það er þar gert, enda vísast, að hinu upphaflega frumvarpi Reykjavíkurbæjar sé stefnt í hættu með þess konar vinnubrögðum. Virðist vel mega koma fram öllum breytingum til bóta fyrir bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur í þessu efni, þótt eigi sé því blandað að öfyrirsynju í óviðkomandi mál og framgangi þeirra af þeim orsökum teflt í tvísýnu.

Þar sem við erum fylgjandi því, að bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur geti notið svo góðra tryggingarkjara sem unnt er að fá með auknu samningsfrelsi varðandi tryggingarnar, höfum við flutt þetta frumvarp sem sérstakt mál, óháð tryggingarmálum Reykjavíkurbæjar. Við teljum hæfilegt, að bæði Brunabótafélagið og bæjar- og sveitarfélögin hafi rúman tíma til undirbúnings þeirra breytinga, er þörf kann að þykja á tryggingarfyrirkomulaginu, og höfum því gert ráð fyrir, að lögin gangi ekki í gildi fyrr en á næsta ári.